

6.13.1. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016, 722/2017, 669/2018, 1278/2018 og 977/2020
Lög um mannvirki, nr. 160/2010

Bréfastassar

Í grein 6.13.1 í byggingarreglugerð segir:

„Í þéttbýli og annars staðar þar sem pósthúsið fer fram skulu vera kassar eða bréfarifur fyrir móttöku bréfastöðsenda á eða við útihurðir ein-, tví- og þríbýlishúsa. Þar sem tvær íbúðir eða fleiri hafa sameiginlegt aðalanddyri skulu vera bréfastassamstæður fyrir allar íbúðir sem nýta aðkomuna. Sama á við í atvinnuhúsnæði þar sem fleiri en einn aðili hefur starfsstöð.


Bréfarifur fyrir móttöku bréfastöðsenda skulu vera minnst 25 x 260 mm að stærð og staðsettar þannig að fjarlægð frá gólfi (jörðu) að neðri jaðri bréfarifu sé ekki minni en 1,00 m og ekki meiri en 1,20 m.

Bréfastassamstæður bygginga skulu staðsettar á aðalinngangshæð. Lýsing við kassasamstæðu skal vera fullnægjandi.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“


Leiðbeiningar

- 1 Á aðaluppdráttum fjöleignahúsa skal sýna hvar í aðalanddyri megi koma fyrir bréfastöðum.
- 2 2. mgr. 6.13.1 gr.: Þegar talað er um bréfarifur er átt við bréfarifur á hurðum, bréfastöðum og bréfastassamstæðum.



Mynd 1. Bréfarifa á hurð, öll mál í mm

- 3** 3. mgr. 6.13.1 gr.: Lýsing við bréfastassamstæðu skal vera fullnægjandi og eigi lakari en almennt er krafist í göngum og stigahúsum fjölbýlishúsa.
- 4** Við hverja bréfarifu eða á hverjum kassa skal vera skilti eða gluggi, minnst 26 x 100 mm að stærð, þar sem tilgreint er með stóru og skýru lettri fullt nafn húsráðanda og annarra sem hjá honum búa. Ennfremur skal í fjöleignarhúsum tilgreina númer og auðkenni hæðar. Eigendur (íbúar) fjöleignarhúsa skulu sjá um, að kassarnir séu rétt merktir á hverjum tíma og ber þeim einnig að útvega íbúaskrá fyrir viðkomandi hús.
- Innbyrðis staðsetning kassanna skal vera sem eðlilegust til dæmis kassi fyrir íbúð á fyrstu hæð neðstur til vinstri í samstæðunni og svo framvegis.
- Kassarnir skulu vera læstir og samstæðan vel fest við vegg, svo að útilokað sé að bréf falli aftur fyrir hana.
- Staðsetning kassasamstæðu á vegg skal vera þannig, að hæð frá gólfi að neðri jaðri neðstu bréfarifu sé ekki minni en 700 mm og hæð frá gólfi að efri jaðri efstu bréfarifu sé ekki meiri en 1750 mm.



Mynd 2. Bréfastassamstæða, öll mál í mm

Yfirlit yfir breytingar sem gerðar hafa verið á leiðbeiningunni:

Útgáfa	Lýsing á breytingu:	Dags.
1.0	Á ekki við	17.10.2012
2.0	1. breyting byggingarreglugerðar. Tilvísanir settar inn	31.5.2013
2.1	Letur stækkað	27.6.2018
2.2	Bætt við mynd 2 og tilvísanir fjarlægðar	15.11.2019
2.3	MVS breytt í HMS	6.2.2020
2.4	Yfirlit yfir breytingar	22.12.2020